



Stjórn SSH 421. fundur

Mánudaginn 12. október 2015, kl. 12:15, kom stjórn SSH saman til fundar á skrifstofu samtakanna, Hamraborg 9, Kópavogi.

Mæting: Dagur B. Eggertsson, Haraldur Líndal Haraldsson, Ásgerður Halldórsdóttir, Guðný Ívarsdóttir, Ármann Kr. Ólafsson, Haraldur Sverrisson og Gunnar Einarsson.
Framkvæmdastjóri SSH, Páll Guðjónsson sat fundinn og ritaði fundargerð.

Þetta gerðist

1. Aðalfundur SSH 2015

a) Dagsetning og fundarstaður

Vegna óviðráðanlegra ástæðna var samþykkt að breyta áður ákveðinni dagsetningu fundarins og færa hann til fimmtudagsins 29. október 2015. Fundarstaður verður Félagsgaður í Kjós.

b) Tillaga fulltrúa íbúahreyfingarinnar í Mosfellsbæ um breytingu á samþykktum SSH

Stjórn sér ekki ástæðu til að leggja til breytingar á samþykktum SSH, en beinir því til fulltrúaráðs að fundir þess verði opnir öðrum eftir því sem tæk og tilefni eru til.

c) Dagskrá fundarins

Fyrir lágu drög að dagskrá fundarins. Framkvæmdastjóra falið að móta dagskrána áfram á grundvelli umræðna á fundinum.

d) Fjárhagsáætlun SSH 2016

Framkvæmdastjóri lagði fram og kynnti tillögu að fjárhagsáætlun SSH fyrir árið 2016. Tillagan geri ráð fyrir óbreyttu árgjaldi aðildarsveitarfélaganna á næsta ári.

- Stjórn samþykkti framlagða tillögu að fjárhagsáætlun SSH fyrir árið 2016, og samþykkti að leggja til við aðalfund að árgjald aðildarsveitarfélaganna fyrir árið 2016 verði 40 kr. pr. íbúa, sem er óbreytt frá fyrra ári.

2. Svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins, fjárhagsáætlun 2016; málsnr: 1510002

Fyrir lá minnisblað svæðisskipulagsstjóra vegna fjárhagsáætlunar svæðisskipulagsnefndar fyrir árið 2016, ásamt tillögu að breyttu fyrirkomulagi nefndarlauna vegna setu í svæðisskipulagsnefnd. Hrafnkell Á Proppé, svæðisskipulagsstjóri, mætti á fundinn undir þessum lið.

Umræður

Niðurstaða:

Stjórn SSH leggur til að laun svæðisskipulagsnefndar í fjárhagsáætlun ársins 2016 miðist við 3% af þingfararkaupi fyrir hvern setinn fund, og samþykkti að senda tillögunu með þessari breytingu til aðildarsveitarfélaganna.

3. Sameiginleg ferðaþjónusta fyrir fatlað fólk á höfuðborgarsvæðinu; málsnr: 1501012

Fyrir fundinum lá minnisblað framkvæmdastjóra SSH frá 10. september 2015, sem lagt var fram á 420. fundi stjórnar 14. september 2015.

Í framhaldi af umræðum á síðasta stjórnarfundi var eftirfarandi samþykkt:

„Stjórn SSH leggur til við aðildarsveitarfélögin að hlutdeild hvers sveitarfélags í notkun á akstri ferðaþjónustu fyrir fatlað fólk verði reiknuð á grundvelli þess tíma sem hvert sveitarfélag notar. Fyrirkomulag þetta gildi frá 1. janúar 2015. Við útreikning á hlutdeild hvers sveitarfélags fyrir tímabilið frá 1. janúar til 31. október verði byggt á þeim hlutfallstölum sem fram koma í fyrirliggjandi minnisblaði framkvæmdastjóra frá 10. september sl., en þaðan í frá verður byggt á rauntímaskráningu hvers tímabils.“



Jafnframt leggur stjórn SSH til að nú þegar verði sett í gang vinna velferðarsviða sveitarfélaganna og Strætó bs. við útfærslu á nauðsynlegum breytingum á núverandi framkvæmd á skipulagi aksturs ferðaþjónustunnar til að ná fram lækkun á aksturskostnaði, m.a í samræmi við skilgreingu og ábendingar framkvæmdaráðs. Greindir verði þeir möguleikar sem eru til hagræðingar og betri nýtingar og fækkunar aksturstíma, og skoðað hvernig best verður staðið að innleiðingu breytinganna í samráði við hagsmunasamtök notenda. Samhliða verði skoðaðir möguleikar á betri nýtingu vagnakosts með samstarfi við þjónustustofnanir um sveigjanlegri mætingu þjónustupega frá því sem nú er. Við úrvinnslu verkefnisins verði m.a. byggt á þeim ábendingum sem fram koma í tillögum Framsækni ehf. sbr. minnisblað framkvæmdastjóra SSH frá 10. september 2015.

Framangreindri vinnu verði stýrt af sérstökum verkefnisstjóra og stefnt að verklokum eigi síðar en 15. nóvember 2015. Kostnaður vegna þessarar vinnu verði greiddur af sveitarfélagunum í hlutfalli við íbúafjölda“

4. Rekstrarúttekt byggðasamlaganna; málsnr. 1501004

Upplýst var um stöðu vinnu við rekstrarúttekt byggðasamlaganna

5. Fjárhagsáætlanir sveitarfélaganna fyrir árið 2016

Fyrir lá umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga um frumvarp til fjárlaga 2016.

Rætt var um fjárhagsáætlanir aðildarsveitarfélaganna 2016 í framhaldi af sérstökum fjárhagsáætlunarfundi sem haldinn var 21. september sl.

Niðurstaða:

Stjórn SSH lýsir áhyggjum sínum af fyrirliggjandi horfum í fjármálum sveitarfélaganna á komandi ári, og telur nauðsynlegt að kallað verði eftir aðgerðum og aðkomu ríkisvaldsins við að tryggja að hægt verði að ná jöfnuði í rekstri sveitarfélaganna á næsta ári.

Stjórn samþykkti að meginviðfangsefni aðalfundar SSH 29. október 2015 verði umræða um fjármál og fjárhagsáætlanir sveitarfélaganna, og að óskað verði eftir þátttöku innanríkisráðherra og fjármálaráðherra í umræðum á þeim fundi.

Jafnframt var samþykkt að tekin verði saman yfirlit yfir lykilstærðir varðandi rekstur sveitarfélaganna og mögulega afkomu þeirra á næsta ári að óbreyttum forsendum til undirbúnings fyrir umræður á aðalfundinum og önnur þau samtöl sem nauðsynleg eru við stjórnvöld vegna málsins.

6. Erindi Hafnarfjarðarbæjar og Seltjarnarness vegna innheimtuþóknunar staðgreiðslu og álagningu tryggingagjalds.

Fyrir lágu ályktanir og samþykktir ofangreindara sveitarfélaga vegna framangreinds.

Samþykkt að vísa þessum ályktunum og samþykktunum til úrvinnslu vegna fjármála sveitarfélaganna sbr. 5. mál hér að ofan.

7. Erindi Landsnets vegna skipunar starfshóps um færslu flutningskerfis milli Sandskeiðs og Hafnarfjarðar; málsnr. 1508003

- Samþykkt að svæðisskipulagsstjóri höfuðborgarsvæðisins taki sæti í samráðshópnum sem fulltrúi SSH.

Samþykkt að boða til aukafundar stjórnar mánudaginn 21. október nk., til frekari umræðu um fjármál sveitarfélaganna og vegna undirbúnings fyrir aðalfund SSH 29. október nk.

Fleira ekki gert – fundi slitið kl. 14:05.